

**46. fundur Atvinnu- og hafnarnefnd haldinn Strandgötu 38, miðvikudaginn 6.
desember 2023
og hófst hann kl. 17:30.**

Fundinn sátu:

Ásgeir Jónsson (ÁJ), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Jón Ingi Jónsson (JIJ) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, hafnarstjóri

Formaður kannaði hvort að athugasemdir væru við boðun fundarins, svo var ekki og var því 46. fundur lýstur lögmætur.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2024-2027 - 2308091

Tillaga að gjaldskrá Tálknafjarðarhafnar 2024 er vísað til atvinnu- og hafnarnefndar til umfjöllunar.

Mál frá 623. fundi sveitarstjórnar sem fór fram 28.11.2023.

Atvinnu- og hafnarnefnd samþykkir samhljóða framlagða tillögu að gjaldskrá Hafnarsjóðs Tálknafjarðarhrepps 2024 og vísar henni til sveitarstjórnar til staðfestingar.

2. Sjávarútvegsstefna og frumvarp til laga um sjávarútveg - 2311106

Erindi frá Matvælaráðuneytinu dags. 14.11.2023 þar sem kynnt er til samráðs mál nr. 245/2023, "Sjávarútvegsstefna og frumvarp til laga um sjávarútveg". Vísað frá sveitarstjórn til atvinnu- og hafnarnefndar til umsagnar.

Mál frá 623. fundi sveitarstjórnar sem fór fram 28.11.2023.

Lagt fram.

Atvinnu- og hafnarnefnd Tálknafjarðarhrepps lýsir yfir áhyggjum af óljósum ákvæðum í lagafrumvarpinu sem snúa að innviðastuðningi til sjávarbyggða í stað byggðakvóta. Erfitt er að sjá að þau ákvæði séu til þess fallin að efla útgerð og mannlíf í sjávarbyggðum landsins.

3. Starfsmannamál Tálknafjarðarhafnar - 2110201

Farið var yfir breytingar sem eru að verða á starfsmannahaldi hafnarinnar, en Björgvin Smári Haraldsson mun láta af störfum sem hafnarvörður eftir rúmlega 15 ára starf.

Lagt fram. Starfið verður auglýst laust til umsóknar.

Atvinnu- og hafnarnefnd Tálknafjarðarhrepps þakkar Björgvin Smára Haraldssyni farsæl störf og gott samstarf á þeim árum sem hann hefur starfað á Tálknafjarðarhöfn.

4. Upplýsingagjöf hafnarstjóra 2023 - 2301004

Upplýsingagjöfin rædd.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:25.

Ásgeir Jónsson (ÁJ)

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

Jón Ingi Jónsson (JIJ)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)